

ÍSLENSKT HLUTVERK OG ALÞJÓÐ HEIMS

I

Magister Jakob Benediktsson, fræðimaður sem ég hefi mikið álit á sakir rits hans um þennan mikla merkismann 17. aldarinnar, Gísla Magnússon sýslumann á Hlíðarenda (Vísu-Gísla), minnst í „Fróni“, tímariti Íslendinga í Kaupmannahöfn (greinin hefir verið tekin upp í tímaritið „Úrval“) á skoðanir Rutherford og mínar á heimsþýðingu íslensku þjóðarinnar, og þó þannig, að hann telur þær ekki réttar vera. Og gegnir þetta furðu nokkurri, þar sem um svo mikinn gáfumann er að ræða. Því að það er í rauninni ekki svo erfitt að skilja, að íslensku þjóðinni muni vera nokkurt sérstakt hlutverk ætlað í sögu mannkynsins, og eins, hvert það hlutverk muni helst vera. Það má jafnvel heita í augum uppi, að það hlutverk muni, fyrst og fremst, vera fræðilegs eðlis. Móti því verður ekki borið, að íslenska þjóðin hefir verið fræðapjóð, flestum fremur eða öllum öðrum, þegar miðað er við mannfjölda og ástæður, sem hafa lengstaf verið margfalt erfiðari en annarra þjóða Norðurálfunnar. Sbr. að Íslendingar voru um aldamótin 1800 a. m. k. hálfu færri en 600 árum áður. Í ættum vorum hafa verið fræðimenn og skáld, kynslóð fram af kynslóð í meir en 1000 ár, og þannig, að alltaf hefir sama málið verið lifandi, og aldrei spillst svo, að ekki væri viðreisnar von, og framyfir það. Og hversu eftirtektarvert það er og með ólíkindum, svo miklu erfiðara sem var um vik, að Íslendingar skyldu verða fyrr en danskir menn, norskir eða sænskir, til að sækja menntastofnanir þær suður í löndum, sem frægastar voru á miðöldunum.

Þá er einnig vert að hugleiða, hve mjög með ólíkindum

mikla þýðingu bókmenntir svo fámennrar og afskekktar þjóðar hafa haft, eigi einungis fyrir frændþjóðirnar á Norðurlöndum, heldur einnig fyrir þýskar og breskar bókmenntir. Ég nefni síður Frakka í þessu sambandi, en þó er vert að minnast þess, að eitt af æskuverkum Victor Hugos heitir *Han d' Islande*, en Hugo mun hafa verið eitt af innblásnustu skáldum 19. aldarinnar.

Vitanlega má ekki gleyma því, þegar ræðir um möguleika íslensku þjóðarinnar til andlegrar forustu, að nefna Albert Thorvaldsen og Niels Finsen, þó að hvorugur væri íslenskur nema að annarri ætt, og hvorugur á Íslandi fæddur, og því óleyfilegt að kalla þá Íslendinga, eins og stundum má sjá gert. En að einn allrafrægasti læknirinn, sem á Norðurlöndum hefir verið, og sá listamaður, sem talinn hefir verið eiga engan sinn líka á síðari öldum, skyldi vera af íslenskri ætt, er vissulega mjög eftirtektarvert, og eins, og íslenskur skuli vera, og að vísu í báðar ættir, sá Vesturheimsmaður, er í tölu frægustu manna hefir komist sem landkönnuður og rithöfundur á því sviði.

II

Það mun vera óhætt að gera ráð fyrir því, að aldrei hafi á þessari jörð verið unnið af eins stórkostlegum dugnaði og jafnótrúlegum samtakamætti, eins og þessi síðustu 5 ár. Aldrei hafa á jafnskömmum tíma jafnmargir verið drepnir og meiddir, aldrei líkt því eins margir af íbúum jarðar vorrar verið gagnteknir af kvíða, kvöl og sorg. Og á skömmum tíma hefir nú verið lagt í rústir það sem langan tíma hafði þurft til að byggja upp. Og framfarirnar í að drepa og eyðileggja, sem orðið hafa á þeim fáu árum, sem liðin eru síðan fyrri heimsstyrjöldin gekk yfir, eru ótrúlegar. Það er engin furða, þegar þessa er gætt, þó að heimspekiprófessorinn Irwin Edman, einn af annáluðustu gáfumönnum samtíðarinnar, hafi látið sér til hugar koma, að Vesturlandamenningin geti í slíkri styrjöld beðið það tjón, er til fullkomins hruns muni leiða. Ég fyrir mitt leyti tel það víst, að mannkyn geti ekki komist á sanna framfaraleið fyrr en styrjaldir eru úr

sögunni. En hvað er það, sem til þess þarf, að varanlegur friður geti orðið? Ég get ekki verið í neinum vafa um, hvernig þeirri spurningu eigi að svara. Það sem þarf er aukin greind mannkynsins, aukið yfirlit yfir tilveruna, aukinn skilningur á tilgangi lífsins. Það verður að skilja, að til er takmark, sem ekki verður náð, ef ekki er *allt* mannkyn samhuga og samtaka, og þó verður að ná, ef ekki á mannkynið að líða undir lok. En upphaf að þeim skilningi er nú einmitt komið fram hér á Íslandi. Það hefir hér á landi verið reynt til að vekja eftirtekt á möguleika og nauðsyn sambands við fullkomnari mannkyn á öðrum jarðstjörnum alheimsins, og það er óhætt að fullyrða, að svo stórkostlega mun vitsvæðið færast út, þegar það samband er fengið, að munurinn sem af því hlýst, mun verða nokkuð líkur þeim, sem nú er á viti manna og dýra hér á jörðu.

III

Vér Íslendingar eigum heima í landi, þar sem erfiðara hefir verið að þrífast en í flestum löndum öðrum. Svo erfitt hefir verið stundum, að furðu gegnir, að þjóðin skyldi ekki líða undir lok. En þó er ennþá meiri furða að sjá, hvernig fólkinu hefir farið fram þessa síðustu áratugi, þegar ástæður fóru nokkuð að lagast. Hætturnar, sem vofa hér yfir ennþá eru miklar og margvíslegar, og færi svo, að mannkyninu yrði ekki bjargað af vegi glötunarinnar, þá eru allar líkur til, að íslenska þjóðin mundi verða sú sem í fyrsta lagi liði undir lok. En fari hinsvegar svo, að lífstefnan sigri, þá mun það verða öllu mannkyni nokkurt áhugamál, að fólkið hér á Íslandi geti þrífist og þroskast. Og þá mun svo koma, að sumir þeir vísindamenn, sem hvað helst starfa öllu mannkyni til heilla, verða Íslendingar. Á alþjóðaíþróttamótum munu þá alltaf, meðal þeirra sem framúr skara, verða einhverjir frá þessari fámennu þjóð. Og á listasviðinu mun hið sama eiga sér stað. Sumt það fólk, sem best syngur, karlar og konur, mun verða íslenskt, eða héðan ættað. Og um sumt það fólk, sem best segir sögur, verður sama að segja. Mun einkum bera mikið á fólki af íslenskum ættum, í skáldbókmenntum

Vesturheims, þar sem ekki er farið að gæta íslenskrar ættar enn eins og efni eru til, og þó raunar ekki getur orðið, meðan ekki nýtur stuðnings af íslenskri heimspeki. En hún á eftir að komast á hærra stig en líklegt mundi þykja að orðið gæti. Íslensk tilverufræði þarf að verða að heimsfræði, einnig í þeirri merkingu, að hún verði þegin og metin af alþjóð þessarar jarðar, sem einu sinni var kölluð heimurinn, og er það jafnvel mjög oft ennþá, eins og kemur fram í fyrirsögn þessarar greinar.

10. okt. 1944.